

Greinargerð um fornleifar við Hvestu í Arnarfirði og Sanda í Dýrafirði

Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

Ragnar Edvardsson

September 2007
NV nr. 07-07

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir.....	3
3. Skrá yfir fornleifar.....	4
4. Niðurstöður.....	8
5. Kort	9
6. Heimildaskrá	11

1. Inngangur

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskaði þess að Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða tæki að sér að gera forkönnun á fornminjum í löndum Sanda í Dýrafirði og Hvestu í Arnarfirði vegna fyrirhugaðrar byggingar olíuhreinsunarstöðvar á svæðinu.

Fornleifakönnun fór fram í september 2007 og var rætt við Þóri Örn Guðmundsson vegna jarðarinnar Sanda í Dýrafirði. Enginn reyndist vera heima á Fremri Hvestu þegar starfsmaður fornleifadeildar kom á staðinn en starfsmaður hafði árið 2002 rætt við Jón Bjarnason frá Fremri Hvestu er kannaðar voru fornminjar á Hvestu vegna fyrirhugaðrar raforkuframkvæmda. Könnunin 2007 byggir að miklu leiti á fornleifaskráningunni frá 2002.

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga löggin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a) búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i) skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Þar sem hér er um að ræða forkönnun á minjastöðum vegna tilvonandi framkvæmda er hér ekki um heildarskráningu allra minjastaða að ræða. Leitað var heimilda um minjastaði í rituðum heimildum, ss. örnefnaskrá, jarðabókum, osfrv., einnig var gengið um svæðið í leit að óþekktum minjastöðum.

Nauðsynlegt er að taka fram að ekki hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu olíuhreinsunarstöðvarinnar og því er mikilvægt að nákvæmari skráning fari fram á því svæði sem verður fyrir valinu.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Sandar: 181579) og hins vegar eins og það kemur fyrir í jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Sandar: 35). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS-181579-035:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

ÍS-181579-035 Sandar

Jörðin Sandar kemur víða fyrir í heimildum og eru elstu heimildir um búsetu á jörðinni í Sturlungasögu (Sturl.Saga). Víða er jarðarinnar getið í síðari tíma heimildum og í jarðabók Árna Magnússonar frá 1707 er hún kirkjujörð en ekki er gefinn jarðadýrleiki (Á.M., VII). Á jörðinni stóðu tvær hjáleigur; Sandahús og Stekkur og kaupstaðurinn Þingeyri er talinn með jörðinni. Búið var á jörðinni fram á 20. öld en um miðja öldina lagðist byggð af og kirkjan var flutt til Þingeyrar. Í dag hefur verið sléttað yfir bæjarhólinn og flestar rústir í túninu.

ÍS-18159-035:001 Bæjarhóll

65°51'54.1"N 23°31'36.3"V

Staðhættir. “Bærinn Sandar stendur neðarlega í Brekkudal, u.þ.b. 1^{1/2} - 2 km frá sjó - stendur á bungulaga hól, sem heitir Bæjarhóll. Suðaustanvert og rétt við bæinn er kirkjugarðurinn og kirkjan spölkorn frá í sömu átt.” (Örnefnaskrá Sanda).

Minjalýsing. Sléttað hefur verið yfir bæjarhólinn og ekki sést til fornleifa.

ÍS-18159-035:002 Kirkja/Kirkjugarður

65°51'53.3"N 23°31'35.3"V

Staðhættir. “Vestur af bænum er tóftarbrot kallað Dettistöft, en í lægðinni milli hennar og Bæjarhólsins var götutroðningur - þar um lá leiðin frá Múla og Kirkjubóli til Þingeyrar. Beint niður af kirkjugrunninum er allstór flöt í túninu, sem heitir Kirkjuflöt.” (Örnefnaskrá Sanda).

Minjalýsing. Kirkjan stóð sunnanmegin við bæjarhól og er kirkjugarðurinn nú afmarkaður með járngríðingu. Í miðju garðsins hefur verið safnað legsteinum úr garðinum. Samkvæmt heimildarmanni voru unnin skemmdarverk á legsteinum í garðinum fyrir u.þ.b. 40 árum þegar að óþjóðalýður réðst á legsteinana með sleggju. Flestir steinanna voru grafnir í bæjarhólinn en þeim sem voru heillegir var safnað saman í miðju garðsins.

ÍS-18159-035:003 Skerhús Sjávarhús Íveruhús

65°52'50.7"N 23°31'42.3"V

Staðhættir. “Góðan spöl frá Fögrubrekku nær Þingeyri voru sjávarhús frá Söndum, sem hétu Skerhús (Tóftarbrot sést ennþá þar sem þau voru - þar þótti áður reimt). Þarna var lendingarstaður, drógu þau nafn sitt af skeri, sem er utan við lendinguna og heitir Sandasker.” (Örnefnaskrá Sanda)

Minjalýsing. Þegar farið er eftir þjóðveginum í norðvestur frá Þingeyri eru hjallar niður í fjörunni, u.þ.b. 1200 metra frá síðasta húsinu í kaupstaðnum. Norðvestan við þessa hjalla er lítil tóft. Rústin er 5 x 4 metrar að innanmáli.

ÍS-18159-035:004 Tóft Útihús

65°51'52.1"N 23°31'34.0"V

Staðættir. Túnin sunnan við kirkjugarðinn hafa verið sléttuð alveg upp að grónum bakka sem er norðan megin við túnin. Allt svæðið norðanmegin er ósléttað og mýrlent. Nokkrar rústir eru sjáanlegar á þessum bakka.

Minjalýsing. Svo til beint suður af kirkjugarðinum. Ferhyrnd ógreinileg rúst.

ÍS-18159-035:005 Tóft Útihús

65°51'50.2"N 23°31'30.9"V

Staðættir. Túnin sunnan við kirkjugarðinn hafa verið sléttuð alveg upp að grónum bakka sem er norðan megin við túnin. Allt svæðið norðanmegin er ósléttað og mýrlent. Nokkrar rústir eru sjáanlegar á þessum bakka.

Minjalýsing. Suðaustur af númer 4. Grasi gróin og ekki sést til fornleifa.

ÍS-18159-035:006 Tóft Útihús

65°51'50.0"N 23°31'29.1"V

Staðættir. Túnin sunnan við kirkjugarðinn hafa verið sléttuð alveg upp að grónum bakka sem er norðan megin við túnin. Allt svæðið norðanmegin er ósléttað og mýrlent. Nokkrar rústir eru sjáanlegar á þessum bakka.

Minjalýsing. Suður af númer 5. Grasi gróin tvíhólfa rúst, 7x 6 metrar að utanmáli.

ÍS-18159-035:007 Garðlag Túngarður 65°51'50.5"N 23°31'29.0"V

Staðættir. Túnin sunnan við kirkjugarðinn hafa verið sléttuð alveg upp að grónum bakka sem er norðan megin við túnin. Allt svæðið norðanmegin er ósléttuð og mýrlent. Túngarðurinn er í mýri norðan við túnin.

Minjalýsing. Garðurinn liggur svo til í norður suður og er eingöngu sýnilegur á 40 metra svæði. Garðurinn hverfur í mýrina norðan túnanna. Líklegt er að garðurinn sé hluti af túngarði sem liggur sunnan megin í miðju túni (Númer. 10)

ÍS-18159-035:008 Tóft Útihús 65°51'53.1"N 23°31'30.6"V

Staðættir. Túnin sunnan við kirkjugarðinn hafa verið sléttuð alveg upp að grónum bakka sem er norðan megin við túnin. Allt svæðið norðanmegin er ósléttuð og mýrlent. Nokkrar rústir eru sjáanlegar á þessum bakka.

Minjalýsing. Austan við bæjarhólinn. Stendur á hól. Rústin er þríhólfa og er vel gróin, 27 x 10 metrar.

ÍS-18159-035:009 Fjós Útihús 65°51'55.8"N 23°31'30.9"V

Staðhættir. Svæðið norðaustan við bæjarhólinn hefur verið sléttuð og eru þar nokkrir hólur. Heimildamaður sagði að á þessu svæði hafi áður staðið fjós.

Minjalýsing. Norðaustan við bæjarhólinn. Líttill gróinn hól. Ekki sést til fornleifa.

ÍS-18159-035:010 Garðlag Túngarður 65°51'49.3"N 23°31'41.6"V

Staðættir. Túnin sunnan við kirkjugarðinn hafa verið sléttuð alveg upp að grónum bakka sem er norðan megin við túnin. Allt svæðið norðanmegin er ósléttuð og mýrlent. Í miðju túninu sunnan við bæjarhólinn stendur túngarður sem liggur nokkurn veginn í austur vestur.

Minjalýsing. Suður af bæjarhólum og stendur í miðju sléttuðu túni. Garðurinn stendur í eins metra hæð, grjóthlaðinn og gróin.

ÍS-18159-035:011 Íveruhús 65°52'30.3"N 23°32'20.6"V

Staðhættir. Farið er eftir þjóðveginum frá Þingeyri í átt að flugvelliinum og í u.þ.b. 2 km fjarlægð frá Þingeyri er rúst norðan megin við veginn í u.þ.b. 57 metra fjarlægð. Rústin stendur á malarkambi.

Minjalýsing. Rústin stendur norðan við veginn, rétt ofan við fjöruna, u.þ.b. 57 metra frá þjóðveginum. Rústin er þríhólfa og greinilegur garður vestan megin við aðalrústina. Garðurinn er u.þ.b. 16 x 12 metrar að utanmáli. Stærsta hólfið er 10 x 7 metrar og minni hólfin tvö eru u.þ.b. 5 x 6 metrar að utanmáli

ÍS-14044-199 Hvesta

Jarðarinnar Hvestu er ekki getið í fornritum en líklegt er að þar hafi hafist byggð snemma eins og í dölunum í kring. Hringsdalskumlið er staðsett í næsta dal norðan við Hvestudalinn og það bendir eindregið til byggðar á svæðinu fyrir kristintöku. Á 17. og 18. öld eru tveir bæir í Hvestudal, Fremri og Neðri Hvesta. Fremri Hvesta var talin 12 hundruð að dýrleika og Neðri Hvesta 36 hundruð (Á.M.. VII). Enn er stundaður búskapur á Hvestu og hafa öll tún verið sléttuð og miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í dalnum.

ÍS-14044-199:001 Fremri Hvesta Bæjarhóll 65°41'44.7"N 23°42'30.5"V

Staðhættir. “Af því við erum nú nálægt bænum tel ég rétt að taka strax örnefni í túninu í Fremri-Hvestu. Bærinn stendur á háum hól, sennilega lengst af staðið á svipuðum stað. Reisulegt timburhús stendur þar nú, eitt af þeim fyrstu er byggð voru í Ketildölum um aldamótin. Húsið er enn að mestu í fyrstu gerð sinni og reism.” (Örnefnaskrá Hvestu) Bæjarhóllin stóð á því svæði sem er rétt norðan við fjárhús og hlöðu.

Minjalýsing: Sléttað hefur verið yfir og ekki sést til fornleifa.

ÍS-14044-199:002 Neðri Hvesta Bæjarhóll

Staðhættir. “Efribær og Neðribær. En þessi nöfn, Efribær og Neðribær eru aðeins notuð af íbúum Hvestu. Fólk annarsstaðar greinir þá venjulega ekki í sundur, heldur kalla þá báða Neðri Hvestu.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu).

Minjalýsing. Ekki sést til fornleifa.

ÍS-14044-199:003 Álfkonusteinn Þjóðsaga 65°41'44.4"N 23°42'37.1"V

Staðhættir. “Suðvestur frá bænum og nálægt þessum hól var þúfnartur. Þarna voru Fjósþúfur. Þarna er nú land allt sléttað og ræktað. Þó er þar einn steinn, heitir Álfkonusteinn.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Nokkurn vegin í suðvestur frá gamla bæjarstæðinu, norðan við nýja íbúðarhúsið.

Minjalýsing. Stakur steinn stendur þar í ræktuðu túni.

ÍS-14044-199:004 Fjósþúfur Fjós Útihús 65°41'44.7"N 23°42'35.7"V

Staðhættir. “Suðvestur frá bænum og nálægt þessum hól var þúfnartur. Þarna voru Fjósþúfur. Þarna er nú land allt sléttað og ræktað. Þó er þar einn steinn, heitir Álfkonusteinn.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Rétt norðan við Álfkonustein.

Minjalýsing. Sléttað hefur verið yfir svæðið og ekki sést til fornleifa.

ÍS-14044-199:005 Tóft Útihús 65°41'40.5"N 23°42'44.0"V

Staðhættir. Rústirnar eru u.þ.b. 100 metra suðvestur af núverandi bæjarstæði.

Minjalýsing. Rústirnar eru nokkuð greinilegar og mótar fyrir nokkrum hólum

ÍS-14044-199:006 Fremra Stekkjarhvolff Stekkur 65°41'46.1"N 23°42'12.9"V

Staðhættir. “Þegar farið er niður hlíðina tekur við smáhvolff, nafn þess gefur bendingu um að í eina tíð hafi þar verið stekkur frá Fremri-Hvestu, Fremra-Stekkjahvolff.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Í Norðaustur átt frá gamla bæjarstæðinu, í u.þ.b. 300 metra fjarlægð.

Minjalýsing. Ekki sést til fornleifa.

ÍS-14044-199:007 Neðra Stekkjarhvolff Stekkur 65°41'52.9"N 23°42'04.6"V

Staðhættir. “Framar í hlíðardrögum er svo hvolff sem heitir Neðra-Stekkjahvolff. Flatlendið frá Neðra-Stekkjahvolffi, niður af hlíðinni, var kallað einu nafni Innriengjar.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Farið er eftir hlíðinni í norðaustur. Í u.þ.b. 300 metra frá Fremra Stekkjarhvolffi.

Minjalýsing. Ekki sést til fornleifa.

ÍS-14044-199:008 Tóft Stekkur

65°42'15.3"N 23°41'30.0"W

Staðhættir. Þegar komið er að þeim stað þar sem þjóðvegurinn í dalnum kvíslast er lítil rúst rétt upp í hlíðinni, austan megin við þjóðveginn.

Minjalýsing. Rústin er 6 x 2 metrar að innanmáli og er vel gróin. Hleðslur sjást mjög ógreinilega og virðist hún vera opin að suðvestanverðu.

4. Niðurstöður

Framkvæmdaraðilar hafa ekki ákveðið hvort svæðið, Sandar eða Hvestudalur, verði fyrir valinu fyrir olíuhreinsunarstöð og þar af leiðandi hefur byggingarsvæðið enn ekki verið tilgreint. Þetta veldur því að ekki var hægt að fara nákvæmlega yfir það svæði þar sem stöðin verður svo endanlega byggð.

Í landi Sanda fundust 11 minjastaðir á svæðinu frá Þingeyri að landamerkjum jarðanna Kirkjubóls og Brekku. Fleiri minjar eru innan landamerkja jarðarinnar á Þingeyri en þær eru ekki taldar hér. Tvær minjar ÍS-18159-035:011, ÍS-18159-035:003 eru rétt við sjóinn og er líklegt að þær lendi innan tilvonandi framkvæmdarsvæði.

Í Hvestudal fundust 8 minjastaðir en sléttað hafði verið yfir alla fyrir utan einn stað sem fannst neðarlega í dalnum austanmegin. Svæðið frá sjó og inn dalinn er þannig úr garði gert, sandkennt og svo mýrlent, að ekki er líklegt að áður óþekktar fornminjar leynist þar. Það er helst að minjar geti leynst á svæðunum meðfram hlíðunum norðaustan og suðvestan megin í dalnum.

Ekki er unnt að meta hvort þær minjar sem voru skráðar hér séu í hættu vegna framkvæmdanna þar sem upplýsingar um staðsetningu olíuhreinsunarstöðvarinnar liggja ekki fyrir. Þar af leiðandi er ekki gefið hættumat fyrir minjastaðina í skránni hér að ofan.

Eftir að endanleg ákvörðun um staðsetningu olíuhreinsunarstöðvarinnar hefur verið tekin er mikilvægt að nákvæmari skráning fari fram, þ.e. að allt framkvæmdarsvæðið verði gengið og kannað svo að komist verði hjá að áður óþekktir minjastaðir verði fyrir raski.

5. Kort



Kort 1. Minjastaðir við Sanda í Dýrafirði. Lýsing á númerum á mynd má sjá í texta.
Mynd: Loftmyndir ehf.



0 1000 2000 Meters



Kort 2. Minjastaðir við Hvestu í Arnarfirði. Lýsing á númerum á mynd má sjá í texta.
Mynd: Loftmyndir ehf.

6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. 8. bindi. 1261-1521. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 9. bindi. 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 12. bindi. 1200-1554. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-32

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847

Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzakra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Sturlunga saga. 2. bindi. Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hins sérstaka. Örnólfur Thorsson, ritstj. Svart á hvítu. Reykjavík, 1988.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnaskrá Sanda

Örnefnaskrá Fremri Hvestu.